

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Fornusandar, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 9. febrúar 2017 deiliskipulag fyrir Fornusanda. Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar lóða og byggingarreita núverandi húsa, auk byggingar þriggja frístundahúsa og gestahúss. Hámarksstærð frístundahúsa er 140 m<sup>2</sup>, auk þess er leyfilegt að byggja 40 m<sup>2</sup> aukahús á lóð. Hámarksstærð gestahúss er 60,5 m<sup>2</sup>. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

#### *Skarðshlíð I og II, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 9. febrúar 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skarðshlíð I og II. Með breytingunni er settur inn nýr byggingarreitur S3, þar sem heimilt verður að byggja fjögur hús allt að 120 m<sup>2</sup> hvert. Húsin eru ætluð fyrir ferðaþjónustu. Byggingarreiturinn Ú2 er stækkaður og þar verður heimilt að endurbyggja fjós og stækka það um allt að 1.000 m<sup>2</sup>, í stað 300 m<sup>2</sup> áður. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 6. október 2017.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Anton Kári Halldórsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. október 2017